



**Fjárhagslegar og samfélagslegar  
aðgerðir Stykkishólmsbæjar til viðspyrnu og  
varna vegna Covid-19**

*Viðspyrna og varnir fyrir heimili og atvinnulíf*



Stykkishólmsbær

**1 Varnir í þágu heimila og fyrirtækja**

**2 Efling samfélagsins**

**3 Sterkari innviðir undirstaða öflugssamfélags**

Summi



Stykkishólmsbær

# Varnir í þágu heimila og fyrirtækja



# Svigrúm til fyrirtækja

## Frestun fasteignagjalda atvinnuhúsnæðis

Fyrirtækjum verði gefinn kostur á að fresta allt að þremur gjalddögum fasteignagjalda atvinnuhúsnæðis vorið 2020 að uppfylltum skilyrðum í tímabundnum reglum Stykkishólmsbæjar um sveiganleika í innheimtu og gjaldfrestum.

## Álagning fasteignaskatts

Álagning fasteignaskatts af atvinnuhúsnæði í Stykkishólmi verða teknar til skoðunar við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2021.



Stykkishólmsbær



# Leiðrétting fyrir heimili

## Leiðrétting á þjónustugjöldum vegna skerðingar á þjónustu

Í þeim tilvikum sem þjónusta leik- og grunnskóla og Regnbogalands fellur niður eða skerðist vegna skertar þjónustu, sóttkvíar og annara viðbragða vegna COVID-19 verða gjöld heimila og fjölskylda felld niður eða lækkuð í samræmi við hlutfall skerðingarinnar.

## Framlenging á gildistíma vegna skerðingar á þjónustu

Árskort hverskonar, t.d. sundkort, taka mið af skerðingum opnunartíma og gildisstími framlengdur sem því nemur.



Stykkishólmsbær



# Aukin sveiganleiki fyrir heimili og fyrirtæki

## Sveiganleiki í innheimtu og gjaldfrestum

Stykkishólmsbær mun tímabundið auka sveiganleika í inheimtu og gjaldfrestum á greiðslum á gjalddaga til 1. júlí 2020 sem felur í sér aukinn sveigjanleika varðandi greiðslufresti í ljósi tímabundins tekjufalls og óvissu sem nái hvoru tveggja til heimila og fyrirtækja skv. fyrirliggjandi tímabundnum reglum Stykkishólmsbæjar um sveiganleika í innheimtu og gjaldfrestum.

## Dráttarvextir

Dráttarvextir verða ekki reiknaðir á fyrstu 3 mánuði vanskila vegna krafna sem Stykkishólmsbær gefur út í apríl og maí 2020. Innheimtubríf verða ekki send út ef greitt er eftir eindaga þessa sömu mánuði.



Stykkishólmsbær





Stykkishólmsbær

# Efling samfélagsins

# Ferðapjónusta og ferðapjónustutengdar greinar

## Efling ferðapjónustu á svæðinu

Þátttaka í markaðsátaki með Markaðsstofu Vesturlands, Ferðmálastofu, Íslandsstofu, sveitarfélögum á Snæfellsnesi og Svæðisgarðinn þar sem Stykkishólmsbær verði þátttakandi í útfærslu og framkvæmd markaðsátaks, eftir atvikum, þegar aðstæður skapast.

Stykkishólmsbær beiti sér fyrir aukinni áherslu verkefna í sóknaráætlun til ferðapjónustutengdra greina.



Stykkishólmsbær





# Ferðapjónusta og ferðapjónustutengdar greinar


## Markaðsátak Stykkishólms og Eflingar Stykkishólms

Unnin verið áætlun í samvinnu við Eflingu Stykkishólms og atvinnu- og nýsköpunarnefnd um markaðssetningu Stykkishólms og stuðning bæjarins við ferðapjónustu sem viðbrögð við hruni í ferðapjónustu fyrir árin 2020-2021, t.d. með auknum viðburðum svo dæmi sé tekið.

Aukinn kraftur verði settur í kynningu á Stykkishólmi þar sem bæjarfélagið er kynnt og dregnir fram kostir þess að búa í Stykkishólmi.



Stykkishólmsbær



# Atvinnuátaksverkefni og nýsköpun

## Nýsköpun, ný tækni, skapandi greinar og þekkingagreinar

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd verði falið að koma með tillögur að stuðningi við nýsköpunarverkefni, aðstoð við frumkvöðla og nýsköpunarumhverfis í Stykkishólmi, ásamt leiðum til að skapa skapandi greinum í Stykkishólmi skilyrði til vaxtar til lengri tíma.



Stykkishólmsbær



# Atvinnuátaksverkefni og nýsköpun

## Atvinnuátaksverkefni og vinnumarkaður / Markvissar


Unnið verði í samvinnu við Vinnumálastofnun, Starfsendurhæfingu Vesturlands og atvinnurekendur í Stykkishólmi að skapa störf fyrir þá sem verða illa úti í ástandinu s.s. einyrkja, fólk af erlendum uppruna og námsmenn. Áhersla verði lögð á að bjóða starfstækifæri, starfsnám og íslenskukennslu og aðra menntun til einstaklinga á atvinnuleysisbótum.

Stykkishólmsbær horfi til þess skapa aukna möguleika á sumarstörfum fyrir námsfólk sumarið 2020.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd verði falið að koma með tillögur að sóknarfærum í tengslum við störf án staðsetninga, þar með talið hvernig skapa megi bættu umgjörð og tækifæri í Stykkishólmi í því sambandi.



Stykkishólmsbær



# Listir, menning og íþróttir

Safna- og menningarmálanefnd verði falið að koma með tillögur til að efla lista- og menningarlíf í Stykkishólmi.

Æskulýðs- og íþróttanefnd verði falið í samvinnu við Snæfell að koma með tillögur að íþróttaviðburðum og/eða öðrum verkefnum sem hægt er að hrinda í framkvæmda á næstu misserum til að efla og styðja við íþróttastarf í Stykkishólmi.



Stykkishólmsbær



Stykkishólmsbær

# Sterkari innviðir undirstaða öfluggs samfélags

*Uppbygging og framkvæmdir*

# Flýting fjárfestinga og viðhalds á vegum Stykkishólmsbæjar

Bæjarstjóra, bæjarritara og forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar verði falið að koma með tillögur að flýtingu fjárfestinga og viðhald á vegum Stykkishólmsbæjar.



Stykkishólmsbær

# Undirbúningur fjárfest- ingarverkefna í samvinnu við ríkið verði flýtt

Bæjarstjóra verði falið að ýta ennfrekar á flýtingu á færslu hjúkrunarrýma yfir á Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Stykkishólmi.

Mótuð verði framtíðarsýn fyrir Stykkishólmshöfn til þess að flýta uppbyggingu Stykkishólmshafnar í samvinnu við ríkið. Í því sambandi verði skoðuð staða Stykkishólms sem samgöngumiðstöðvar og heimahafnar Breiðafjarðarferjunnar.

Lögð verði aukin áhersla á aukinn hraða á uppbyggingu ljósleiðaratengingar í Stykkishólmi.



Stykkishólmsbær



# Átak í uppbyggingu húsnæðis og skipulagning atvinnusvæða

Hefja undirbúning að breytingum á Skólastíg 14 þegar það húsnæði losnar.

Auka möguleika til uppbyggingar íbúðahúsnæðis, flýta þéttingu byggðar og undirbúa skipulag fyrir stækkun atvinnusvæðis og fjölga möguleikum til atvinnuuppbyggingar.



Stykkishólmsbær







Summi